

# Fréttabréf Árskógarskóla

**Leik– og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð**

16. tölublað, 2. árgangur, desember 2013 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

**námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing**

**Vissir þú….**

Að Leppalúði er þriðji eiginmaður Grýlu og eiga þau saman jólasveinanna sem koma til byggða fyrir jólin?

Jólavísa

Þó að engin sjáist sól,
samt ei biturt gráttu.
Nú skal halda heilög
jól,
hugga alla þig láttu.
- Jól í koti, jól í borg,
jól um húmið svarta.
Jól í gleði, jól í sorg
Jól í hverju hjarta

**Þorláksmessa könnun**

Okkur langar að biðja ykkur ef mögulegt er að láta vita sem fyrst ef barnið/börnin koma ekki á Kötlukot þennan ágæta dag. Við erum að hugsa um mannahald og matinn.

Þá erum við komin í jólagírinn enda desember mættur. Við erum búin að skreyta, baka piparkökur og halda opið hús sem var einstaklega gaman, fjöldi gesta, foreldrar, systkini, vinir, ömmur og afar, takk fyrir komuna, alltaf velkomin. Fréttabréfið snýst aðallega um viðburði í desember og viljum við hvetja ykkur til að koma og vera með okkur sem oftast. Gleðileg jól og farsælt komandi ár, takk fyrir frábært ár 2013.

**Kveðja frá skólastjórnendum,**

**Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.**

## Jólaföndur 2. desember

Mánudaginn 2. desember er jólaföndur Árskógarskóla í félagsheimilinu frá kl. 16°°-19°°. Efni til föndurgerðar selt á staðnum auk veitinga sem foreldrafélagið sér um. Athugið að enginn posi er á staðnum. **Nemendur á grunnskólaaldri fara heim að loknum hádegismat kl. 12°° þennan dag** og mæta svo með foreldrum í jólaföndrið kl. 16°° Allir eru velkomnir og ágóði af sölu föndurs og veitinga fer í ferða– og skemmtisjóð nemenda. Sjáumst hress í jólaskapi.

## Eineltissáttmáli



Í skólanum er unnið markvisst að forvörnum gegn einelti með aðferðum Uppbyggingarstefnunnar. Til dæmis eru gerðir sáttmálar bæði hjá nemendum og starfsfólki, það eru skólareglur, skýr mörk, bekkjarfundir og ýmislegt fleira. Á baráttudegi gegn einelti 8. nóvember gerðum við þennan sáttmála gegn einelti, smelltu á myndina og skoðaðu betur hvað undirskrift á slíkan sáttmála felur í sér. **Skólaregla i) Við þolum ekkert ofbeldi, stríðni né einelti.**

## Litlu jólin

Föstudaginn 20. desember eru litlu jólin. Á milli 09:00-10:45 ætlum við að hlusta á jólasögu, dansa og syngja kringum jólatré og eiga góða stund saman í félagsheimilinu. Allir nemendur fá pakka, piparkökur og mjólk/vatn.

**Skólaakstur á litlu jólunum:**

| | |
|---|---|
| Árskógssandur | 08:35 |
| Stærri-Árskógur | 08:40 |
| Kálfskinn | 08:45 |
| Hauganes | 08:50 |
| Heimferð | 11:00 |

## Jólafrí nemenda

Eftir litlu jólin þann 20. desember eru börn á grunnskólaaldri komin í jólafrí. Kötlukot er opið á Þorláksmessu þann 23. desember en síðan er Kötlukot einnig komið í jólafrí. Árskógarskóli er lokaður milli jóla og nýárs en opnar aftur föstudaginn 3. janúar samkvæmt stundaskrá.

## Uppákomur og jóladagatal

Eitt og annað er á dagskrá í desember sem vert er að hafa í huga t.d. aðventu/menningarferð 5-12 ára til Akureyrar, jólaföndur, litlu jólin og ýmislegt fleira. Bréf var sent í rafpósti til allra foreldra, endilega kynnið ykkur það.

**Samgöngustofa** býður nemendum á grunnskólaaldri upp á jóladagatal á www.umferd.is en þar segir frá fjölhæfum dýrum sem feta sig áfram í umferðinni, ný spurning um umferðarmál á hverjum degi og heppnir þátttakendur eru dregnir út.

## Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2013-2014** svo allt sé á hreinu!



*Myndir á heimasíðu undir myndasafn (lykilorðið er í tölvupóstinum)!*

**Heimasíða skólans** http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/

# Viðburðadagatal desember 2013

| Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2<br>Jólaföndur í félagsheimili<br>16°°-19°° | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 10 | 11 | 12<br>Aðventuferð 5-12 ára barna<br>Stekkjar-staur | 13<br>Giljagaur | 14<br>Stúfur | 15<br>Þvöru-sleikir |
| 16<br>BINGO<br>Potta-skefill | 17<br>Skiladagur korta<br>Aska-sleikir | 18<br>Spilakósý<br>Hurða-skellir | 19<br>Skólahreysti Dalvík 5.-7.b<br>Skyr-gámur | 20<br>Litlu jólin<br>Bjúgna-krækir | 21<br>Glugga-gægir | 22<br>Gátta-þefur |
| 23<br>Þorláksmessa<br>Opið<br>Ket-krókur | 24<br>Aðfangadagur<br>Lokað<br>Kerta-sníkir | 25<br>Jóladagur<br>Lokað | 26<br>Annar í jólum<br>Lokað | 27<br>Lokað | 28 | 29 |
| 30<br>Lokað | 31<br>Gamlársdagur<br>Lokað | 1<br>Nýársdagur<br>Lokað<br><br> | 2<br>Skipulagsdagur<br>Nemendur í fríi<br> | 3<br>Skólinn opnar | 4 | 5 |